

Þriðjudaginn 11. nóvember 1986.

Nr. 18/1985. **Ingvar Gýgjar Jónsson**
Olga Sigurbjörg Jónsdóttir
og Skapti Steinbjörnsson
 (Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
 gegn
Friðrik Stefánssyni
og gagnsök
 (Páll A. Pálsson hrl.)

Veidiréttur. Samningar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar, að fengnu áfrýjunarleyfi, útgefnu 23. janúar 1985 af dómsmálaráðherra samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, með stefnu 4. febrúar 1985. Dómkröfur aðaláfrýjenda eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum gagnáfrýjanda og honum gert að greiða þeim óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. mars 1985 samkvæmt heimild í 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Dómkröfur gagnstefnanda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að öðru leyti en því, að aðaláfrýjendum verði gert að greiða málskostnað í héraði og ennfremur fyrir Hæstarétti.

Rétt þykir að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Eftir þessum málalokum verða aðaláfrýjendur dæmdir til að greiða gagnáfrýjanda 10.000,00 krónur hvert í málskostnað fyrir Hæstarétti, enda hefur gagnáfrýjandi ekki krafist málskostnaðar in solidum, skv. 181. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera órasakaður.

Aðaláfrýjendur, Ingvar Gýgjar Jónsson, Olga Sigurbjörg

Jónsdóttir og Skapti Steinbjörnsson, greiði gagnstefnanda, Friðrik Stefánssyni, 10.000,00 krónur hvert í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i
hæstaréttardómaranna Guðrúnar Erlendsdóttur og
Pórs Vilhjálmssonar.

Við erum sammála meirihluta dómsins um það, að ákvæðið um veiðirétt í Miklavatni í kaupsamningnum frá 1926 um Hafsteinsstaði hafi verið ólöglegt.

Ógildi þessa ákvæðis getur ekki að okkar áliti leitt til þess að það verði metið sem óskráð en samningurinn talinn í gildi óbreyttur að öðru leyti. Þar sem vafalaust er, að veiðirétturinn var og er verðmætur, og byggja verður á því, að kaupverðið, sem samið var um 1926 hafi tekið mið af verðmæti hans, verður að koma til fjárhagslegt uppgjör milli aðilanna, ef þess er krafist af aðaláfrýjendum. Í málinu liggur ekki fyrir, hvort svo er og hvernig það uppgjör ætti að vera. Er því ekki unnt að kveða upp dóm sem bindi enda á þrætu þeirra, en af því leiðir, að sýkna ber aðaláfrýjendur í þessu máli. Við teljum að málskostnaður ætti að falla niður.

Dómur aukadómpings Skagafjarðarsýslu 24. júlí 1984.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 6. þessa mánaðar, er höfðað af Friðrik Stefánssyni, Glæsibæ, Staðarhreppi í Skagafjarðarsýslu, eiganda og ábúanda þeirrar jarðar, með stefnu útgefinni 28. september 1982 á hendur Olgu Sigurbjörgu Jónsdóttur, eiganda Gýgjarhóls og Ingvari Gýgjari Jónssyni, ábúanda á sömu jörð í Staðarhreppi Skagafjarðarsýslu, og með framhalds-stefnu dags. 13.01. 1983 á hendur Skafta Steinbjörnssyni eiganda og ábúanda Hafsteinsstaða í sömu sveit.

Fyrir aukadómpinginu gerir stefnandi þær dómkröfur í aðalstefnu og (sic) staðfest verði með dómi réttarins að Gýgjarhóll eigi engan rétt til lax- og silungsveiði í Miklavatni eða Sæmundará byggðan á rétti Glæsibæjar sem bakkajarðar með rétti til uppsáturs fyrir bát og pláss fyrir veiðitæki á landi og nauðsynlega umferð um Glæsibæjarland vegna veiðinnar.

Þá krefst stefnandi þess í framhaldssök að viðurkennt verði með dómi réttarins að Hafsteinsstaðir eigi engan rétt til lax- og silungsveiði í Miklavatni eða Sæmundará, byggðan á rétti Glæsibæjar sem bakkajarðar með

rétti til uppsáturs fyrir bát og pláss fyrir veiðitæki á landi og nauðsynlega umferð um Glæsibæjarland vegna veiðinnar.

Þá er í aðal- og framhaldsstefnu krafist málskostnaðar úr höndum málsaðila in solidum.

Stefndu gera þær dómkröfur að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda í máli þessu, svo og að þeim verði dæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

II.

Málavextir.

Málavextir eru þeir að með samningi, dags. 20. apríl 1926, seldi Jón Jónsson, þáverandi bóndi á Hafsteinsstöðum í Staðarhreppi í Skagafirði, eiginmaður stefndu Olgu Sigurbjargar og faðir stefnda Ingvars Gýgjars Jónssonar, Stefáni Friðrikssyni, þá bónda í Valadal í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu, föður stefnanda Friðriks Stefánssonar, jörðina Glæsibæ í Staðarhreppi. Í fyrstu grein sammingsins er hinn seldu jörð lýst svo:

„Sextíu hundraða dýrleika að nýju mati ásamt tveimur ærkýgildum og álagi frá leiguliða og öllum gögnum og gæðum, húsum og mannvirkjum sem jörðinni fylgja og ég hefi eignast hana með, að undanskildu því, að ég áskil Hafsteinsstöðum ítak í silungs- og laxveiði til jafns við Glæsibæ í Staðará og Milavatni og uppsátur fyrir bát og pláss fyrir veiðitæki á landi og nauðsynlega umferð um landið vegna veiðinnar. Landamerki jarðarinnar eru samkvæmt landamerkjaskrá dags. 18. júní 1923, þinglesinni á manntalsþingi Staðarhrepps 28. júní sama ár.“

Var samningi þessum þinglýst á manntalsþingi Staðarhrepps 26. júní 1926. Með afsali dags. 2. nóvember 1933 seldi svo sami Jón Jónsson á Hafsteinsstöðum hluta jarðar sinnar, Hafsteinsstaða, til Sigríðar Snæland, eða eins og í afsali segir:

„Eignarrétt yfir ca. 1/10 hluta af landi eignar- og ábýlisjarðar sinnar Hafsteinsstaða, samkvæmt álitserð undirfasteignamatsefndar Skagafjarðarsýslu 21. október 1932.“

Í þessu sama afsali er hinu selda landi þannig lýst:

- „1. Land það milli Sæmundarár og Héraðsvatna er áður var keypt af Vík og lagt undir Hafsteinsstaði.
2. Land vestan akbrautar á landi Hafsteinsstaða að norðanverðu, 400 — fjögur hundruð — metra breið spilda vestur, það sem land jarðarinnar nær.
3. Land austan við akbraut frá merkjum að norðan suður að mógrafarskurði. Ræður sá skurður og Grófarlækur merkjum austur á móts við vestanverðan „Gunnarsmó“. Þar er suðaustur hornmerki. Þaðan liggja svo merkin í norður, austan í holtinu vestan við ytri Bakkamýri í núverandi landamerki Hafsteinsstaða að norðan.“

Jón Jónsson á Hafsteinsstöðum seldi Jóni Björnssyni bónda á Reykjarhóli í Skagafjarðarsýslu eignar- og ábýlisjörð sína, Hafsteinsstaði, með samningi dags. 8. júní 1939. Við sölu þessa var undanskilinn sá hluti jarðarinnar sem Jón hafði áður afsalað Sigríði Snæland eins og áður getur. Í kaupsamningi þessum frá 1939 er svofellt ákvæði:

„Veidirétt í Sæmundará fyrir Hafsteinsstaðalandi, hefur þessi selda eign til jafns við hinn áður selda hluta jarðarinnar. Þessi selda eign og hinn áður seldi hluti jarðarinnar hafa jafnan rétt til veiðitaksins í Sæmundará og Milavatni (sic) fyrir Glæsibæjarlandi og afnot lands vegna veiðinnar.“

Jón Jónsson keypti aftur af Sigríði Snæland þann hluta af landi Hafsteinsstaða sem hann hafði selt henni og var það gert bréflaga með afsali dags. 18. september 1951. Allnokkru fyrr mun Jón hafa verið farinn að búa á þessum hluta jarðarinnar Hafsteinsstaða, sem nefndur var Hafsteinsstaðir II, en einnig mun hafa verið keypt til nýbýlisins land frá nágrenna-jörðinni Vík, svo og skiki af landi jarðarinnar Steinholts ásamt húsakosti er þar var. Bjó Jón síðan á Hafsteinsstöðum II til dauðadags 1973.

Stefndi Ingvar Gýgjar var þá fyrir nokkrum árum orðinn ábúandi á nýbýlinu, en 2. október 1958 hafði verið lögfest á því nafnið Gýgjarhóll.

Fram er komið að á aðalfundi veiðifélags Sæmundarár 19. nóvember 1961 hafi af hálfu eigenda Gýgjarhóls verið óskað eftir leiðréttingu á hlut Gýgjarhóls samkvæmt arðskrá með hliðsjón af áður greindum kaupsamningi um jarðirnar Glæsibæ og Hafsteinsstaði. Þá er komið fram að af hálfu eigenda Hafsteinsstaða og Gýgjarhóls var með bréfi hinn 12. febrúar 1963 til endurskoðenda arðskrár veiðifélags Sæmundarár óskað eftir endurskoðun á arðskrá veiðifélags Sæmundarár með hliðsjón af kaupsamningi þeirra um Hafsteinsstaði frá 8. júní 1939.

Stefnandi, Friðrik Stefánsson, hefur haldið því fram, að eigendur Hafsteinsstaða hafi ekki stundað netaveiði í Miklavatni samkvæmt ákvæðum samningsins frá 1926 fyrr en stefndi, Ingvar Gýgjar Jónsson, nú bóndi á Gýgjarhóli, hafi byrjað netaveiði sumarið 1975. Þá þegar hafi hann, stefnandi, hafið aðgerðir til að hindra veiðar stefnda Ingvars með lögbannsaðgerðum og síðan með venjulegri málsókn til staðfestingar á rétti eiganda Glæsibæjar til að nytja einn netaveiði í Miklavatni. Hefur stefnandi haldið því fram að hafi eigendur Hafsteinsstaða stundað netaveiði í Miklavatni hafi það verið fyrir landi annarra jarða en Glæsibæjar og með leyfi eigenda þeirra. Stefndi Skafti Steinbjörnsson hefur lýst því yfir fyrir réttinum, að ekki hafi verið stunduð netaveiði í Miklavatni af eigendum Hafsteinsstaða eins og þeir nú eru, svo hann viti til, en telur eiganda Gýgjarhóls hafa haldið ítakinu við. Stefndi Ingvar Gýgjar Jónsson, ábúandi á Gýgjarhóli, kveður föður sinn hafi stundað netaveiði í Miklavatni samkvæmt ítaki sínu í veiði Glæsibæjar öll vor. Hafi hann haft fjárhús austur undir Héraðs-

vötnum og hafi verið vitjað um netin um leið og farið var til kindanna.

Sjálfur kveðst Ingvar hafa nytjað veiðiitakið meira og minna fyrr og síðar án andmæla af hálfu eigenda Glæsibæjar fyrr en sumrið 1975.

III.

Krafa stefnanda er byggð á því að er samningur þeirra Jóns Jónssonar og föður stefnanda, Stefáns Friðrikssonar, var gerður um jörðina Glæsibæ 20. apríl 1926, hafi verið í gildi ákvæði 2. töluliðar 121. gr. vatnalaga nr. 15 frá 1923, en þar er lagt bann við því að skilja veiði að nokkru eða öllu leyti frá jörðum. Ákvæði samningsins um veiðiitak Hafsteinsstöðum til handa hafi falið í sér skerðingu á rétti eigenda Glæsibæjar til þess að nýta einn að fullu rétt jarðar sinnar til veiði í vatninu og því hafi þetta ákvæði samningsins verið ólöglegt. Það hafi því ekki stofnast réttur til veiða í Miklavatni til handa eigendum Hafsteinsstaða og síðar eigenda Gýgjarhóls sem byggður verði á þessu samningsákvæði. En jafvel þótt talið verði að samningurinn hafi stofnað til réttar þáverandi eigenda Hafsteinsstaða til veiða í Miklavatni, þá hafi sá réttur eigi varað lengur en lífstíð seljandans, Jóns Jónssonar. Þá er því og haldið fram að eigandi Glæsibæjar hafi ávallt hagnýtt sér allan rétt jarðarinnar til veiða í Miklavatni sem einkaeigandi jarðarinnar. Hafi hann einnig notið fyllsta arðs í samræmi við það samkvæmt arðskrá veiðifélags Sæmundarár sem nái bæði til veiði í Miklavatni og Sæmundará. Um þetta hafi eiganda og ábúanda Gýgjarhóls verið kunnugt þegar á árinu 1961. Þá hafi eigandi Hafsteinsstaða og ekkert aðhafst til að nýta veiði í vatninu og verði að líta svo á að hann eigi ekki kröfu til veiða í vatninu sem byggð verði á greindu samningsákvæði.

Þá hafi hvorki eigandi né ábúandi Gýgjarhóls veitt í Miklavatni á grundvelli greinds samningsákvæðis. Hafi verið veitt af þeirra hálfu í Miklavatni, þá hafi það verið í rétti annarra jarða við vatnið. Þá er því haldið fram, að ef talið verði að veiðiitak hafi stofnast fyrir eigendur Gýgjarhóls, að stefnandi hafi unnið lausnarhefð á því ítaki.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því að með samningi þeirra Jóns Jónssonar og Stefáns Friðrikssonar frá 20. apríl 1926 hafi verið stofnað löglegt veiðiitak í Miklavatni og Sæmundará til handa eiganda Hafsteinsstaða í veiði jarðarinnar Glæsibæjar í Miklavatni og Sæmundará, enda hafi samningnum verið þinglýst. Til vara að innlausnarleyfi samkvæmt veiðilögum liggja ekki fyrir né hafi innlausnarmatsgerð farið fram, enda aldrei um hana beðið af hálfu Glæsibæjar.

Sýknukröfurnar eru aðallega byggðar á fjórum höfuðatriðum:

- a. Að umrætt veiðiitak sé fullkomlega samningslega löglegt og enn í fullu gildi.
- b. Ítakið styðjist einnig við sögulegar forsendur samanber nú 4. gr. 2.

tölulið laxveiðilaga. Ítakið helgist ekki eingöngu við samningana 1926, heldur má líta á það sem framhald (eftirstöðvar) á fornum hefðbundnum veiðirétti (hlutdeild) í sameiginlegum Hafsteinsstaðaveiðum (Hafsteinsstaða eða Víkurtorfu). Þótt Hafsteinsstaðir (og Gýgjarhóll) eigi nú ekki (lengur) land að Miklavatni, hefði verið óheimilt að ráðstafa allri veiði frá gamalli tíð undan jörðinni við samningana 1926 samanber fyrir tilvitnaðan 2. málslið 4. gr. laxveiðilaga.

- c. Fari svo ólíklega, að kröfur kæranda kæmu til álita, þá yrði það fyrst og fremst og ófrávikjanlega byggt á reglum laxveiðilaga um innlausn veiðiréttinda. Í máli þessu liggur ekkert innlausnarleyfi ráðuneytisins fyrir, né svo mikið sem umsókn í þá átt.
- d. Loks sé það beint eða óbeint málsástæða eins og mál þetta er undir komið og málavöxtum varið, að kröfugerð stefnanda muni brjóta í bága við 32. grein samningalaga nr. 7 frá 1936, annaðhvort beint eða eftir lögjöfnun. Stefnu telja að á þeim tíma sem samningurinn var gerður hafi verið í gildi veiðitilskipun frá 20. júní 1849 svo og ákvæði vatnalaga nr. 15 frá 1923, en 13. kafli þeirra laga fjallar um veiði í vötnum. Samkvæmt 4. gr. veiðitilskipunarinnar hafi verið bannað að skilja að veiðiréttinn og lóðina, en samkvæmt 1. grein tilskipunarinnar hafi þrátt fyrir það verið gert ráð fyrir slíkum veiðiitökum og þau skyldu standa óröskuð með öllu. Þetta ákvæði hafi eigi verið afnumið með ákvæði 13. kafla vatnalaganna eða síðari veiðilöggjöf. Þvert á móti hafi þetta verði ítrekað með lögum nr. 113 frá 1952 um lausn ítaka af jörðum þar sem ítök hafi verið gerð óafleysanleg gegn vilja ítakseiganda. Á þeim tíma hafi hinsvegar verið komin í lög heimild til að leysa til sín veiðiréttindi sem skilin höfðu verið frá landi að nokkru eða öllu leyti. Veiðiitök hafi hinsvegar eigi verið talin til slíkra réttinda því þau hafi ekki verið talin skilja veiði frá neinu landi, lóð eða bakka. Ítakspoli hafi allt að einu haft óhindraðan veiðirétt hvar sem var fyrir landareign sinni, enda hafi veiðirétturinn hvergi verið skilinn við landið í skilningi laganna. Jafnvel þótt svo hefði verið talið að veiðiitak þýddi meiri eða minni undanskil veiðiréttar frá landi eða bakka, þá breytir það engu í þessu máli, því ákvæði 121. gr. þágildandi vatnalaga hafi heimilað slík undanskil samkvæmt beinni lögjöfnun ef svo hagaði til að „önnur hlunnindi komu á móti er þeirri landareign sé ekki metin minna verð en veiðirétturinn.“ Verði að ganga út frá því sem sjálfsögðu að á móti ítakinu hafi komið tilsvarendi afsláttur eða lækkun kaupverðs jarðarinnar, þannig að skilyrðum greinarinnar hafi verið fullnægt samkvæmt ótvíræðri lögjöfnun.

Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að það sé brot á grundvallarreglum 32. gr. samningalaga nr. 7 frá 1936, er stefnandi vilji nú tileinka

sér án endurgjalds ítaksrétt sem samið var um til handa eigenda Hafsteinsstaða en stefnandi hafi sjáfur samþykkt ítakið með undirskrift sinni, enda hljóti söluverð jarðarinnar að hafa verið ákveðið í samræmi við það og báðum sammingsaðilum verið það ljóst. Þá kemur það og fram af hálfu stefnda, að samkvæmt jarðabókinni frá 1706 sé Hafsteinsstöðum talin lax- og silungsveiði til hlunninda og hljóti þau nú að fylgja Gýgjarhóli að hluta. Þá sé lax- og silungsveiði talin jörðinni Vík til hlunninda en hinsvegar séu slík réttindi eigi talin fylgja Glæsibæ. Er því haldið fram, að er samningurinn frá 20. apríl 1926 var gerður, hafi Hafsteinsstaðir í rauninni verið að láta af hendi við Glæsibæ hluta af aldagömlum hefðbundnum réttindum þeirrar jarðar. Í þessu sambandi sé og á það að líta, að er nýbýlið Gýgjarhóll var stofnað, hafi það fengið nokkurn hluta jarðarinnar Víkur og ekki sé ólíklegt að því landi hafi fylgt hlutfallslegur veiðiréttur.

Undir rekstri málsins hefur komið fram af hálfu stefndu, að réttur Gýgjarhóls til veiði í Miklavatni sé ekki leiddur af rétti Hafsteinsstaða til veiði í vatninu heldur sé um að ræða sjálfstæðan rétt sem stofnast hafi með löggjörningi.

Stefndu telja stefnanda eigi hafa hreyft athugasemdum við þessu í um 60 ár. Er því mótmælt af hálfu stefndu að veiðitak það sem Gýgjarhóll eigi í Miklavatni hafi fallið niður vegna lausnarhefðar svo sem haldið sé fram af stefnanda. Hafi veiði í Miklavatni verið stunduð frá Hafsteinsstöðum og Gýgjarhóli á grundvelli veiðitaksins meira og minna alla tíð frá því að samningurinn var gerður þann 20. apríl 1926. Hafi þær veiðar aldrei verið hindraðar eða stöðvaðar af eiganda Glæsibæjar. Hafi það fyrst verið á árinu 1975 að eigandi Glæsibæjar hafi hafist handa um það svo sem áður greinir. Er því haldið fram af hálfu stefndu að eigendur Gýgjarhóls og Hafsteinsstaða eigi veiðirétt eða veiðitak að hálfu í Sæmundará og Miklavatni fyrir landi Glæsibæjar og fái kröfugerð stefnanda í málinu eigi staðist gagnvart ákvæðum 67. gr. stjórnarskrárinnar. Geti krafa stefnanda í málinu aðeins náð fram að ganga á þeim grundvelli að stefnandi leysi til sín ítakið gegn endurgjaldi.

IV.

Mál þetta er í raun endurtekning máls sem höfðað var fyrir vettvangsdómi Skagafjarðarsýslu og dæmt þar 3. ágúst 1978, en síðan var því vísað frá Hæstarétti, þar sem Hæstiréttur taldi að ekki hefði verið rétt stefnt í málinu, þ.e. að stefna hefði átt sameiginlega eigendum Gýgjarhóls og Hafsteinsstaða, þar sem því var haldið fram, að veiðitakið væri í óskiptri sameign þessara jarða og ef það yrði dæmt ógilt, byndi það báðar jarðirnar með þeim hætti að nauðsynlegt hefði verið að stefna báðum eigendum inn í málið. Úr þessu atriði hefur nú verið bætt. Lögð hafa verið fram nokkur

ný gögn í málinu, en í raun er hér um sama mál að ræða og sömu röksemdir notaðar af beggja hálfu.

Samkvæmt landamerkjaskrár fyrir Hafsteinsstaði dags. 4. júní 1921 og Glæsibæ, dags. 18. júní 1923, svo og af öðrum gögnum málsins, meðal annars uppdretti, á jörðin Glæsibær land að Miklavatni frá Tröllhöfða að ósi Sæmundarár, auk lítillar spildu austan við ósinn og ennfremur nokkuð upp eftir Sæmundará. Í gögnum þessum kemur einnig fram að hvorki Hafsteinsstaðir né Gýjarhóll eiga land að Miklavatni, en hinsvegar eiga Hafsteinsstaðir land að Sæmundará.

Þegar Jón Jónsson seldi Stefáni Friðrikssyni jörðina Glæsibæ samkvæmt samningi þeirra frá 20. apríl 1926, þá áskildi hann Hafsteinsstöðum ítak í lax- og silungsveiði Sæmundarár og Miklavatns, uppsátur fyrir bát og stöð fyrir veiðitæki í landi Glæsibæjar og umferð um land jarðarinnar vegna veiðanna. Það er grundvallarregla í íslensku réttarfari að hver maður eigi veiði fyrir sinni jörð samanber landsleigubálk Jónsbókar 56. kafla sem síðar var staðfestur með ákvæðum vatnalaga nr. 15 frá 1923. Þegar samningur aðilanna var gerður, voru því í gildi umrædd vatnalög nr. 15 frá 1923. Í ákvæðum 2. töluliðar 121. greinar þeirra laga er lagt bann við því að skilja veiðirétt að nokkru eða öllu leyti við landareign, nema um tiltekið árábil og þó eigi lengur en 10 ár í senn, nema leyfi viðkomandi ráðherra komi til eða önnur hlunnindi kæmu á móti er væru metin þeirri landareign ekki minna virði en veiðirétturinn. Augljóst verður að telja, að ákvæði um veiðitak í nefndum samningi fyrir Hafsteinsstaði í Miklavatni og Sæmundará, fól í sér skerðingu á rétti Glæsibæjar til veiða fyrir landi þeirrar jarðar. Eigi verður séð af gögnum málsins að aflað hafi verið leyfis viðkomandi ráðherra vegna þessa áskilnaðar í samningi um veiðitak fyrir Hafsteinsstaði. Þá er eigi í ljós leitt, að á móti ítakinu komi hlunnindi er metin væru jörðinni ekki minna virði en skerðing veiðiréttarins. Þó tekið kunni að hafa verið tillit til ítaksins við ákvörðun kaupverðs, sem þó hefur ekki verið stutt haldbærum rökum af stefndu, verður það ekki talið hafa komið í stað neinna jarðarhlunninda í skilningi 13. kafla vatnalaga frá 1923.

Í samræmi við framanskráð lítur dómurinn svo á, að þetta ákvæði í samningnum hafi ótvírætt brotið í bága við ákvæði 2. töluliðar 121. gr. vatnalaga nr. 15 frá 1923 sem gildi um þetta atriði á þeim tíma sem umræddur kaupsamningur var gerður. Í framhaldi af því sem rakið hefur verið lítur dómurinn svo á, að ekki hafi stofnast lögmætur réttur fyrir Hafsteinsstaði sem (sic) samningi þeirra Jóns Jónssonar og Stefáns Friðrikssonar frá 20. apríl 1926 og þar af leiðandi heldur ekki fyrir eigendur og ábúendur Gýlgjarhóls til veiða í Miklavatni og Sæmundará sem byggður verði á rétti Glæsibæjar sem bakkajarðar til veiða í vatninu og ánni.

Þá verður ekki fallist á að stefndu hafi sýnt fram á, að með samningnum

eða með öðrum lögmætum hætti hafi stofnast sjálfstæður réttur fyrir eigendur og ábúendur Gýgjarhóls eða Hafsteinsstaða til veiða í Miklavatni og Sæmundará.

Framburður aðila um veiði frá Hafsteinsstöðum og Gýgjarhóli í Miklavatni og Sæmundará fyrir landi Glæsibæjar er ósamhljóða og vottorðum, sem fram hafa verið lögð, ber ekki saman um þetta atriði. Þá hafa ekki verið lagðar fram veiðiskýrslur af hálfu stefndu varðandi umrædda veiði. Eigi þykir skipta máli við úrlausn þessa máls, að Friðrik Stefánsson og Ingvar Gýgjar Jónsson skrifa báðir undir áskorun með veiðiréttareigendum við Miklavatn til veiðifélags Sæmundarár og ekki er sú undirskrift talin fela í sér neina viðurkenningu á veiðiitaki.

Þá verður ekki fallist á að ákvæði 32. gr. samningalaga eða það heiðarleikasjónarmið, sem fram kemur í því ákvæði, hindri að kröfugerð stefnanda verði tekin til greina. Þá verður heldur ekki talið að slík úrslit málsins brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Með vísun til framangreinds verður því tekin til greina krafa stefnanda þess efnis að staðfest verður að eigendur og ábúendur jarðanna Hafsteinsstaða og Gýgjarhóls eigi ekki rétt til lax- og silungsveiði í Miklavatni eða Sæmundará byggðar á rétti Glæsibæjar sem bakkajarðar með rétti til uppsáturs fyrir bát og pláss fyrir veiðitæki á landi og nauðsynlegrar umferðar um Glæsibæjarland vegna veiðinnar.

Eftir öllum málavöxtum þykir rétt að málskostnaður falli niður. Dóm þennan kváðu upp Þorbjörn Árnason, fulltrúi sýslumanns, ásamt meðdómsmönnum Þórði Þórðarsyni bæjarstjóra og Agli Bjarnasyni ráðunaut.

D ó m s o r ð:

Viðurkennd er krafa stefnanda, Friðriks Stefánssonar bónda í Glæsibæ, um að varnaraðilar, Olga Sigurbjörg Jónsdóttir og Ingvar Gýgjar Jónsson eigandi og ábúandi jarðarinnar Gýgjarhóls og Skafti Steinbjörnsson (sic) eigandi jarðarinnar Hafsteinsstaða, eigi ekki rétt til lax- og silungsveiði í Miklavatni eða Sæmundará, sem byggður verði á rétti eiganda Glæsibæjar til veiða fyrir landi jarðarinnar, né rétt til uppsáturs fyrir bát og stöð fyrir veiðitæki á landi, né nauðsynlega umferð um land Glæsibæjar vegna þeirrar veiði. Málskostnaður fellur niður.